

Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 127/40  
komudagur 7.11.2001

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 6. nóvember 2001.

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**c/o Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum (114. mál).**

Með bréfi dags. 16. október sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

Símon A. Gunnarsson  
formaður

# *Álitsnefnd*

## *Félags löggiltra endurskoðenda*

---

Reykjavík 6. nóvember 2001

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda  
Símon Á. Gunnarsson formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

**Málefni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum (114. mál).

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefndin fékk umsögn skattanefndar FLE og reikningsskilanefndar FLE á frumvarpinu. Álitsnefndin hefur tekið saman umsagnir nefndanna og bætt við nokkrum atriðum sem hún telur máli skipta. Í heildina er umsögn álitsnefndar eftirfarandi:

Álitsnefndin fagnar því að lagðar eru til breytingar á skattalögum sem ætlað er að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og jafnframt að bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum. Jafnframt er það í samræmi við þá umræðu sem átt hefur sér stað innan FLE að afnema beri verðleiðrétt reikningsskil og að nauðsynlegt sé að breytingar á skattalögum séu gerðar jafnhliða breytingum á lögum um ársreikninga. Við teljum hins vegar að skoða verði áhrif afnáms verðleiðréttinganna til lengri tíma litið, einkum hvað varðar fyrningar og söluhagnaðarútreikninga.

Áður en settar eru fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins vill nefndin láta í ljós það álit að hún telur fullt tilefni til heildarendurskoðunar á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Það er álit nefndarinnar að lögin séu í mörgum tilfellum úrelt og í þau vanti skýrari ákvæði um ýmis reikningshaldsleg atriði. Jafnframt bendir nefndin á að þróun erlendis í þessum efnum knýr á um breytingar hér á landi. Evrópusambandið samþykkti t.d. nýverið að öll félög sem skráð eru á verðbréfaþingum á sambandssvæðinu skuli beita stöðlum Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASB) frá og með árinu 2005. Tillaga nefndarinnar er að við fylgjum þeirri þróun m.a. með breytingum á ársreikningalögum. Í þessu sambandi bendum við einnig á að Danir eru nýbúnir að samþykkja gagngera breytingu á sínum ársreikningalögum.

Um einstakar greinar frumvarpsins hefur álitsnefnd þetta fram að færa:

### **1. gr. sbr. 3.gr. frumvarpsins**

Í þessum greinum er verið að skilgreina betur en áður stöðu samlagshlutafélaga. Svo virðist sem skattleggja eigi allar úttektir úr slíkum félögum sem arð. Á hinn bóginn

eru ekki gerðar breytingar á 7. tl. 3. gr. laganna þannig að staða erlendra aðila er ekki ljós í þessu tilliti. Við teljum eðlilegt að taka hér af öll tvímæli.

### **3. gr. frumvarpsins d. liður**

Í þessum lið er felld niður tilvísun til 26. greinar laga 75/1981, enda er sú grein felld úr lögunum með 15. grein frumvarpsins. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að tilgreina í lögunum þá verðbreytingastuðla sem eiga við fyrir hvert ár þegar skilgreining á reikniaðferð þeirra er fallin út úr lögunum.

### **17. gr. frumvarpsins b. liður**

Í þessari grein er reynt að laga orðalag í 5. tölulið 28. greinar laga 75/1981 um það hvenær framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda getur talist til skattskyldra tekna hjá launþega.

Við teljum 5. tölulið 28. greinar algerlega óþarfan, þar sem lífeyrisréttindi launþega skattleggjast við móttöku hans á lífeyri og leiðir ákvæðið því til tvísköttunar. Ákvæðið hlýtur að verða illfrankvæmanlegt í reynd, burtséð frá því hvort ráðherra setur um það reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd eða ekki.

### **23. gr. frumvarpsins a. liður**

Til viðbótar þeirri breytingu sem lögð er til á fjárhæð í 41. grein laga 75/1981 um heimild til gjaldfærslu keyþra eigna, leggjum við til að orðin “.þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.” verði felld niður í lok 1. málsliðar. Þessi tilvísun leiðir af ákvæðum sem voru í 40. grein um gjaldfærslu eigna sem höfðu styttri endingartíma en þrjú ár, en sú grein hefur verið felld niður.

### **27. gr. frumvarpsins**

Nefndin fagnar því að inn í lögin komi ákvæði sem geri einstaklingum kleift að breyta einkarekstri sínum í einkahlutafélag. Hins vegar telur nefndin að um leið þyrfti að taka á stöðu þeirra einstaklinga sem hafa staðið fyrir rekstri sínum í sameignarfélagsformi, án þess að um sjálfstæðan skattaðila væri að ræða. Eðlilegt verður að teljast að þeim verði gert kleift með hliðstæðum hætti að breyta rekstrarformi sínu í sameignarfélag sem væri sjálfstæður skattaðili eða einkahlutafélag í eigu sameignaraðilanna.

Í 1. málslið d. liðs 1. mgr. 27. greinar er fjallað um stofnefnahagsreikning einkahlutafélags, sem skuli vera endurskoðaður af endurskoðanda eða skoðunarmanni. Nefndin telur það vera í andstöðu við 6. grein laga um einkahlutafélög 138/1994 að skoðunarmenn endurskoði stofnefnahagsreikning, þar sem í greininni er gert ráð fyrir að endurskoðandi staðfesti stofnefnahagsreikning þegar einkahlutafélag er stofnað með yfirtöku annars rekstrar.

### **49. gr. frumvarpsins**

Nefndin telur útilokað að fella niður alla 25. gr. laga nr. 144/1994, í stað þess eigi að fella úr greininni þau atriði er snerta heimild til verðleiðréttra reikningsskila. Fella skal út a lið 1. málsgr., og alla 3. málsgr. Eðlilegt er að hreyfa ekki við öðrum ákvæðum greinarinnar en með því að fella þær út, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir,

væri verið að banna færslu á sérstöku endurmati sem nefndin telur afar óæskilegt m.a. m.t.t. alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Nefndin telur einnig tilefni til að breyta 23. gr. ársreikningalaganna. Í lokamálsgrein greinarinnar kemur fram að afskrifa skuli af framreiknuðu kostnaðarverði þegar eignir eru endurmetnar en af ákvæðinu virðist mega skilja að ekki sé gert ráð fyrir að afskrifað sé að endurmetnu verði samkvæmt 25.gr. b í sömu lögum. Nefndinni finnst nauðsynlegt að breyta þessi ákvæði einnig þannig að gert sé ráð fyrir að afskriftin taki til endurmetins verðs sbr. 25.gr. b, en ekki framreiknaðs verðs. Slík meðferð væri í samræmi við ákvæði alþjóðlegs reikningsskilastaðals nr. 16 (IAS 16).

### 51.gr. frumvarpsins

#### 1.málsgr.

Samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði er lagt til að endurmatsreikningur, sem myndaður hefur verið samkvæmt 25.gr. a, þ.e. með framreikningi, skuli færa með óráðstöfuðu eigin fé. Nefndinni virðist að þetta ákvæði frumvarpsins sé ekki samræmi við 5. kafla reglu Reikningsskilaráðs nr. 1 um grundvöll reikningsskila, þar sem fjallað er um eigið fé.

#### 2. málsgr.


Nefndin vísar til umfjöllunar sinnar hér að framan varðandi 49.gr. og telur að þetta ákvæði eigi ekki að vera til bráðabirgða heldur hluti af 25. gr. eins og hún yrði eftir að afnumin væri heimild til verðleiðréttra reikningsskila. Reyndar telur nefndin rétt að einnig sé hægt að leysa endurmat, sem hér um ræðir, upp með árlegri millifærslu afskrifta sem tilheyra sérstöku endurmati sbr. tillögu nefndarinnar varðandi 23. gr. ársreikningslaganna. Innihald viðbótar við greinina yrði þannig að árlega skuli millifæra þann hluta afskrifta sem tilheyri sérstöku endurmati af óráðstöfuðu eigin fé á sérstakt endurmat.

### 53.gr. frumvarpsins

Við er til umfjöllunar nefndarinnar um 1. málsgr. 51. gr. hér að framan.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



The image shows five handwritten signatures in black ink, arranged vertically below the title of the committee. The signatures are written in a cursive style and appear to be the names of the members of the committee.